

# Sandkorn



Árshátíðarblað Grunnskólans í  
Sandgerði 2014



**VÖXTUR - VIRÐING - VILJI - VINÁTTA**



### Í blaðinu:

Ritstjórnarpistill...	Bls. 3
Vorferð 9. bekkjar...	Bls. 4
Viðtal við frægan...	Bls. 6
Naflaskoðun...	Bls. 7
Kosningar...	Bls. 8
Hvert liggur leiðin...	Bls. 9
Ég man...	Bls. 11
Hvað veistu um vin þinn...	Bls. 12
Framtíðarspá...	Bls. 13
Tae kwon do gæjar...	Bls. 15
Hver segir hvað...	Bls. 16
Sundgarpar...	Bls. 18
Nemendaráðspistill...	Bls. 19
Heyrst hefur...	Bls. 12, 18, 19

### Ritstjórn Sandkorns:

Marteinn E. Sigurbjörnsson  
Ásta V. Andrésdóttir  
Sunneva Þorsteinsdóttir  
Anna Karen Guðmundsdóttir  
Karolina Krawczuk

Forsíðumynd: Örn Ævar Hjartarson

## Ritstjórnarpistill

Í ár tók 10 SHG að sér að búa til blaðið og farið var strax í málið. Spurt var bekkinn hverjir buðu sig fram í ritstjórn og endaði með að í ritstjórn sátu Marteinn E. Sigurbjörnsson, Sunneva Þorsteinsdóttir, Karólína Krawczuk Ásta V Andrésdóttir og Anna Karen Guðmundsdóttir. Farið var beint í að fá styrki og tala við stjórnendur um blaðið og unnum við frekar frjálst undir leiðsögn Lóu Bjargar. Við skoðuðum gömul blöð, ræddum við hina og þessa fagmenn, unnum daga og nætur og saman kláruðum við þetta frábæra blað

á mánuði. Við þökkum öllum kærlega fyrir hjálpina, það hefði ekki verið hægt að gera þetta nema með hjálp ykkar styrktaraðilana. Eining viljum við þakka Lóu og Hlyni kærlega fyrir hjálpina

Fyrir hönd ritstjórnar Sandkorns  
Ásta Andrésdóttir

# Lagnir og Þjónusta ehf.

S.8243410-8243411

-Alhliða pipulagnir

-Lagnamyndavél

-Stiflupjónusta

-Hitamyndavél



[pipulogn@pipulogn.is](mailto:pipulogn@pipulogn.is)

[pipulogn.is](http://pipulogn.is)

## VORFERÐ 9. SGH



Við lögðum af stað snemma á miðvikudagsmorgni til Skagafjarðar. Á leiðinni var mikið fjör þar sem ónefndur aðili braut sæti í rútunni. Fyrsta stopp hjá okkur var í sjoppu á Borgarnesi en svo var ferðinni heitið á skotsvæði þar sem við fengum að skjóta úr byssum og bogum.

Eftir það fórum við að setja upp dótið okkar í félagsheimilinu á Melsgili.

Þar að loknu fórum við á bílasafnið í Varmahlið og seinna um daginn lögðum við af stað í klettasig þar sem stelpurnar urðu heillaðar af ungum manni og fóru allar niður erfiðustu leiðina bara til þess að vera með „sæta gaurnum“.



Ásta stoppaði í miðju klettasigi til að taka „selfie“.

Þegar dagur var að kvöldi kominn þá komu leiðsögumenn og voru með hópefli með okkur þar sem við fórum í skemmtilega leiki og þess háttar.

Næsta dag fórum við á hestbak þar sem strákarnir sáu sæta þýska stelpu og börðust um að fá hana til að hjálpa sér á hestinn #Grimmir.

Því næst fórum við í paintball þar sem margt óvænt gerðist og Karolína fékk meðal annars skot í hálsinn. Á leiðinn heim úr paintball fórum við í fjós þar sem við sáum beljur og lömb.

Á þriðja degi lögðum við í langa ferð á Síldarminjasafnið á Siglufirði þar sem við lærðum mikið um síld og fórum á kaffihús. Seinna um daginn fórum við á Akureyri þar sem við borðuðum á Greifanum og sumir hlupu upp tröppurnar á Akureyrarkirkju.

Á leiðinni fórum við í sund á Hofsósi sem var afskaplega fallett og við borðuðum fajitas, þar var líka ónefndur aðili sleginn með skeið við hlaðborðið.

Næsta dag var ferðinni heitið í Drangey. Við fórum fram og til baka með bát og þónokkrir urðu sjóveikir. Það var frábær reynsla að labba upp Drangey, allir lögðu sig fram og enginn gafst upp. Strákarnir fengu



loksins heila eyju til að hlaupa um og uppfylla frelsisþörfina. Þegar við komum til baka fórum við í Grettislaug og um kvöldið aftur í hópefli.

Síðasta daginn pökkuðum við saman og lögðum á stað heim. Á leiðinni fórum við í river-rafting sem var án efa hápunktur ferðarinnar. Strákarnir festust á risa stórum steini, Ólafía datt útí og þegar við komum öll rennandi blaut aftur í húsið fengum við heitt kakó og höfðum það notalegt. Á leiðinni heim sváfu flestir enda vorum við þreytt eftir allt þetta fjör.

# MYNDASAFN ÚR VORFERÐINNI





Leikfélag Keflavíkur er um þessar mundir að sýna metnaðarfulla uppsetningu á Ávaxtakörfunni. Aðsókn hefur verið vonum framar og verkið hlotið góða dóma. Sandgerðingar hafa verið öflugir í félaginu og í ár eru tveir Sandgerðingar sem taka þátt í verkinu, þau Sandra Jónsdóttir í hlutverki jarðabersins og Marteinn E. Sigurbjörnsson ljósamaður.

Gunnar Helgason er leikstjóri verksins en hann ætti að vera flestum kunnur þar sem hann hefur komið víða við og skapað sér góðan orðstír sem leikari og leikstjóri.

**Nafn?** Gunnar Helgason

**Fyrstu 6?** 24.11.65

**Hvað fékk þig í þennan bransa?** Vegna þess að mér fannst alltaf svo gaman að láta fólk hlægja, var alltaf að herma eftir Ladda og öllum myndum köllum og auðvitað veltist fulloröna fólkíð um af hlátri, það var ÓGEDSLEGA gaman! Og svo þegar ég var á 4 ári í menntaskóla ákvað ég að hætta í íþróttum og fara í leikritið í skólanum og það var ekki aftur snúið eftir það.



**Af Hvaða verki ertu stoltastur?** uhmhhh... Það er rosa spurning.. ujjá ávaxtakarfan kemur núna uppí hugann, hún er rosalega flott og wake me up söngleikurinn fyrir Versló og fótbolta bækurnar

**Hvar lærðir þú?** Ég lærði í Leiklistaskóla á Íslandi og, Leiklistaskóla Íslands.

**Hvað er skemmtilegast við þennan bransa? Leika eða leikstýra?** Það er eiginlega sko, það skemmtilegast við þetta er að fá tækifæri til þess að gera þetta allt. Ég veit ekki hvort að maður myndi endast við bara að leika eða bara leikstýra, það er svo frábært að gera þetta allt. En samt sko eitt að því skemmtilegasta sem við gerum er að leika í bíómyndum, það er svolítið öðruvíði en allt hitt.



**Af hverju er það skemmtilegast?** Af því að þá er sko einhver sena og það er æft allt á stuttum tíma, kannski klukkutíma eða eitthvað svo er það bara tekið upp, og aftur og aftur þangað til að allir eru ánægðir. Svo er það búið. Svo er það bara alltaf til. Að lifa í leikriti þýðir bara að lifa sinn tíma og hverfa í þökuna bara.

**Hvernig er hægt að gera þetta að góðum starfsframa?** Bara að hafa jafnbil og vera duglegur, ég hef hvergi verið fastráðinog aldrei og maður þarf bara að halda áfram ef siðimin er ekkii að hrignja og fólk er að bjóða manni jobb sko þá verður maður að búa það til sjálfur

**Hvað ertu að gera núna ?** Ég er að leikstýra Ávaxtakörfunni hjá Leikfélagi Keflavíkur og skrifa nýjar bækur

**Með hverju mælirú fyrir þá sem ætla í þennan bransa ?** Tilbúin að vinna mikið og undirbúa sig vel og vinna mikið þegar þið eruð í vinnuni að vera á tánum og til í að vinna með fólki, opin og jákvæð

**Er einhvað sem þú vilt segja að lokum til krakkanna í sandgerði ?** Já ég hlakka bara til að koma aftur í Sandgerðisskóla það var svo gaman síðast og stilltasti krakkahópur sem ég hef hitt. Ég hélt að þau væru sofandi eða dópuð niður haha .

# Skálinn

pylsur, hamborgara, pizzur og  
margt, margt fleira

Strandgötu 11  
Sími: 423-7650



Lestraráttak með sjóræningjapema.  
Alltaf líf og fjör í skólanum okkar.



Þorgils Haukur Björgvinsson er nemandi við Grunnskólann í Sandgerði.

Þorgils er uppátækjasamur og skemmtilegur drengur og okkur lék hugur á að kynnast honum örlítið betur.

Kíkjum aðeins í naflann á Þorgilsi...

Nafn  
Kynn  
Ö

Nafn? Þorgils Haukur

Bekkur? 9. ÖÆH

Uppáhalds hljómsveit? Sabaton akkurat í augnablikinu

Flottasta gellan? Umm veit það ekki

Framtíðarplön? vera forritari

Er FS málið? Aa ég veit ekki er ekki buin að ákveða

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? forrita og leika mér

Slökkt eða kveikt ljósin þegar þú horfir á sjónvarp? misjafnt

ef þú værir forseti einn dag hverju myndir þú breyta? hef aldrei hugsað út í það



**Hverjum þykir sinn fugl fagur er þekktur málsháttur og lýsir í raun hversu afstæð fegurð eða persónuleiki getur verið. Það er erfitt að móta alla í sama form og ætlast til að enginn fari sínar eigin leiðir. Sem betur fer er skólinn okkar fullur af allskonar fólki með allskonar útlit, hæfileika, skoðanir og persónuleika.**

**Ungfrú Sandgerðisskóli:** Sunneva

**Herra Sandgerðisskóli:** Sindri Lars

**Kynþokkafyllsta stelpa:** Karolina

**Kynþokkafyllsti strákurinn:** Karel Bergmann

**Rass ársins:** Ásta Andrésdóttir

**Íþróttafrik ársins:** Sverrir Örvar

**Bjartasta vonin:** Sebastian Hubert

**Hár ársins:** Anna Karen

**Barbie ársins:** Ólafía Gerður

**Bros ársins:** Sveinn Ólafur

**Húmoristi ársins:** Marteinn E.

**Besti vinurinn:** Jón Þór

**Tölvugúru ársins:** Ævar Þór

**Hlátur ársins:** Sara Dröfn

**Meistari ársins:** Grímur Sigfred

**Krútt ársins:** Gestur Leó

**Orkubolti ársins:** Óðinn Már

**Fatafrik ársins:** Linda Björk

**Góðhjartaðasta manneskja:** Margrét Guðrún

**Skólaliði ársins:** Oddný

**Kennari ársins:** Hilmar





# Hvert liggur leiðin?



Kæru útskriftarnemar.

Það er svo sannarlega stórt skref að fara úr grunnskóla úr litlu bæjarfélagi eins og okkar og í framhaldsskóla. Maður er orðin vanur því að allir kennararnir þekkja mann og það er frekar skrítið að koma svo í skóla þar sem enginn þekkir þig. Námið er mikið erfiðara en ef þú ert dugleg/ur og metnaðarfull/ur að þá er þetta lítið mál. Einkunnir flestra fara aðeins lækkandi en það er auðvitað því að námsefnið sem þú ert að læra er kannski eitthvað sem þú veist ekkert hvað er og er algjörlega nýtt fyrir þér, aðalatriðið er þó að ná áfanganum. Félagslífið í framhaldsskólum er líka svo mikið öflugara heldur en í grunnskólum að það er nánast ómögulegt að geta tekið þátt í öllu sem manni langar til.

Ég valdi Verzló vegna þess að það er bekkjarkerfi og mjög öflugt félagslíf, ég var að fara í skóla sem ég þekkti ekki eina manneskju í og því var undir mér komið að vera eins opin og ég mögulega gat. Bekkurinn minn 3-R er frábær. Við komum mörg frá mismunandi stöðum og náum öll mjög vel saman. Í byrjun var ég stressuð um að ég myndi bara verða ein úti horni en það er aldrei að fara að vera þannig. Núna eftir sirka eina og hálfu önn á ég mjög góðar vinkonur en ég hefði aldrei ímyndað mér að ég gæti eignast svona góðar vinkonur á svona stuttum tíma, og ég sem var hrædd um að eignast ekki neina. Maður kynnist svo miklu fleira fólki en bara bekknum þínum og það er þessu flotta félagslífi að þakka. Það tekur auðvitað sinn tíma að ferðast á milli Sandgerðis og Reykjavíkur á hverjum einasta degi en í alvöru þá eru þessar rútur mitt annað rúm! Þó þær toppi ekki mitt rúm að þá er mjög gott að leggjast í rútna og sofa þangað til að leiðin er á enda.

Í Verzló er alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast og það er aldrei venjuleg vika. Það er alltaf eitthvað að ske. Skólinn var eins og vöfundarhús fyrst um sinn en eftir örfáa daga þá ertu farin/nn að vita hvar allt er. Stærsti veikleikinn við Verzló er klárlega Kringlan sem er beint á móti. Eyða í skólanum og þú ert í Kringlunni, það er bara þannig.

Ég mæli eindregið með Verzló. Yndislegir krakkar og kennararnir eru ekki af verri endanum. Það er ekkert nema stemning að vakna eldsnemma á morgnana til þess að fara í þennan æðislega skóla. Ég segi það með stolti að ég sé eini Sandgerðingurinn í Verzló og ég hlakka bara til að það bætist fleiri í hópinn!

Og eitt að lokum: Það er aðeins eitt markmið í Verzló og það er að þú verður að hata MR!

Kveðja Aldís Vala Hafsteinsdóttir



# Flatfiskur ehf

Strandgata 24 - 245 Sandgerði  
Sími: 423 7770

## Öskudagur í Sandgerðisskóla



fförugir furðufuglar

# Ég man þegar...



Til 10. bekkjar

Ég man:

þegar ég kenndi ykkur fyrsta tímann, samfélagsfræði ásamt Sif.

þegar þið sögðu við mig að Lóa væri umsjónarkennarinn ykkar af því að enginn vildi ykkur.

fagnaðarlætin sem brutust út þegar ég sagði að ég yrði umsjónarkennarinn ykkar í 9. bekk.

þegar við sváfum í skólanum.

hvað þið sváfuð vel á gólfinu í vorferðinni.

þegar við fórum í lasertag og stelpurnar rústuðu strákunum.

þegar við héldum diskótek í rútunni eftir matinn á Hamborgarafabrikkunni.

hvað þið voruð ógeðslega flott þegar þið voruð að kynna fyrir foreldrum ykkar í 9. bekk.

*Það hefur verið frábært að kenna ykkur þessi ár og þið hafið kennt mér meir en þið grunið. Ég mun sakna þess að sjá ykkur ekki á hverjum degi og vil ég bara óska ykkur alls hins besta í því sem þið takið ykkur fyrir hendi.*

*Sigurður Hilmar Guðjónsson  
Umsjónarkennari*

## Hvað veistu um vin þinn?



### Piotrek

Stjörnumerki- Vatnsberi  
Afmælisdagur- 1.feb  
Uppáhaldsmatur- pizza  
Uppáhalds Litur- Appelsínugulur  
Draumaprinsessa- Kim Kardashian  
Mest böggandi- þú  
Uppáhalds söngvari- Justin Timberlake  
Uppáhalds fag- Stærðfræði  
Uppáhalds sjónvarpsþáttur- Friends  
Uppáhalds kennari- Bylgja

### Anes

Stjörnumerki- Meyja  
Afmælisdagur- 24. ágúst  
Uppáhaldsmatur- pítsa  
Uppáhalds Litur- Vínrauður  
Draumaprinsessa- soffia Argon  
Mest böggandi- Piotrek þegar hann er í stuði  
Uppáhalds söngvari- Justin beiber  
Uppáhalds fag- Samfélagsfræði  
Uppáhalds sjónvarpsþáttur- Big bang theory  
Uppáhalds kennari- Lóa

### Heyrst hefur:

\*Að Óskar Marinó hafi verið grimmur á Samfés.

\*Að Ragga gleymdi dönsku tíma hjá 10.bekk.

\*Að Bylgja sprengdi upp náttúrufræðistofuna.



### Um Anes

Stjörnumerki- Veit ekki  
Afmælisdagur- uuu, ég veit ekki haha  
Uppáhaldsmatur- pizza  
Uppáhalds Litur- Fjólublár  
Draumaprinsessa- Sunneva Þorsteinsdóttir  
Mest böggandi- ég  
Uppáhalds söngvari- Justin Bieber  
Uppáhalds fag- Stærðfræði  
Uppáhalds sjónvarpsþáttur- How I met your mother  
Uppáhalds kennari- Bylgja

### Um Piotrek

Stjörnumerki- Hef ekki hugmynd  
Afmælisdagur- 1. feb  
Uppáhaldsmatur- Ostastangir  
Uppáhalds Litur- Grænn  
Draumaprinsessa- Belenda Berg  
Mest böggandi- Þegar það er skammað hann  
Uppáhalds söngvari- Justin Bieber  
Uppáhalds fag- Stærðfræði  
Uppáhalds sjónvarpsþáttur- Iceland got talent  
Uppáhalds kennari- Anna Kristjana

**Blaðamaður Sandkorns fékk að kíkja í kristalkúluna hjá Rögggu kennara til að kanna hvað framtíðin ber í skauti sér hjá útskriftarárgangi skólans:**



**Anna Karen** mun ljúka námi við þekktan dansskóla í London. Hún mun búa á Akureyri þar kynnist hún draumaprinsinum sínum og eignast fimm börn. Hún verður atvinnudansari á Íslandi en eftir að hún finnur næstu ófundnu töluna í Pí verður milljónamæringur og þarf ekki að vinna neitt eftir það.

**Ásta Valdís** tekur fram hanskana að nýju og æfir sig af fullum krafti, hún fær starf sem markmaður hjá kvennaliði Man-Utd á Englandi. Hún lærir félagsráðgjöf og mun vinna við það einnig stofnar hún sitt eigið fótboltalið. Hún mun mun eignast nokkur börn og búa í stóru flottu húsi.

**Gestur Leó** mun spila með Lakers í NBA deildinni og fá nokkrar millur á mánuði fyrir það. Hann mun einnig komast á plötusamning hjá LA Reid um að gefa út eina plötu. Platan mun komast á Billboard listann. Hann hittir draumadísina í framhaldsskóla og munu þau eignast tvö börn saman.

**Grímur Siegfried** mun ljúka framhaldsnámi í sögu og landafræði. Á ferð sinni um Evrópu hittir hann draumaprinsessuna sína sem er af mjög góðum ættum. Þau giftast og eignast 10 börn. Um fertugt mun Grímur verða forstjóri fjölskyldufyrirtækisins og lifa hamingjusamur til æviloka.

**Jón Þór** verður ríkasti sjómaður landsins, hann verður skipstjóri á frægasta aflatogara landsins. Hann kynnist konu sinni í gegnum skátastarfið og þau munu eignast þrjú börn. Jón Þór flytur með fjölskyldu sinni til Flórída og þar stofnar hann sitt eigið Skátafélag og vinna við strandsiglingar í Ameríku.

**Karel Bergmann** verður næsti Jackie Can. Eftir að hann hefur unnið heimsmeistaramótið og Ólimpíugullið í Taekwondo flytur hann til Kína, stofnar fyrirtæki sem framleiðir hollan mat. Hann mun eiga heita eiginkonu og þau eignast eitt feitt og krúttlegt barn. Þau munu verða hamingjusöm að eilífu.

**Karolína** mun flytja til Minneapolis með draumaprinsinum sínum, þar úti eignast hún tvö börn. Hún mun starfa sem einkaþjálfari og atvinnumaður í Fitness. Hún og besta vinkona hennar munu opna búð með tískuvörum.

**Linda Björk** Mun eiga heima í Reykjavík með manninum sínum og tveimur börnum. Linda Björk starfrækir snyrtistofu og þar selur hún sína eigin snyrtilínu. Hún verður Íslandsmeistari í fitness.

**Margrét Guðrún** verður kvikmyndastjarna í Hollywood, þar kynnist hún manni sínum sem er frægur leikari og þau munu eignast þrjú börn. Eftir barneignirnar verður minna að gera hjá henni við að leika í kvikmyndum þá stofnar hún sitt eigið hnefaleikafélag þar sem húnkennir litlum börnum að boxa.

**Marteinn Eyjólfur** verður tæknimaður hjá hljóð X og vinnur sem vinstri hönd DJ Muscle Boy í fimm ár með skólanum. Hann lærir stjórn málafræði og verður forseti bæjarstjórnar í Sandgerði. Hann kynnist konu sem er töluvert yngri en hann, þau munu eignast sjö börn. Eftir að hann er kominn með níu manna fjölskyldu flytja þau til Flórída þar sem hann verður fylkisstjóri.

**Óðinn Már** verður líkamsræktar Goð landsins. Hann kynnist konu sinni þegar hann verður með hana í einkaþjálfun, þau eignast tvíbura stráka. Hann tekur þátt í BMX heimsmeistaramóti og verður í fyrsta sæti og tekur að sér að þjálfra lið fyrir BMX keðjuna. Fjölskylda hans flytur til Hollands og þar stofnar hann hjólaverksmiðju ásamt Ta vini sínum en þeirra hjól verða miklu vinsælli en gömlu BMX hjólin.

**Ólafía Gerður** mun fara til London í frægan snyrtiskóla þar sjá kennararnir strax hvað hún er efnileg og koma henni á framfæri og Ólafía fær samning hjá Mac. Hún mun eignast mann og þrjú stelpur. Þegar hún verður 43 ára flytur hún aftur til Sandgerðis, stofnar snyrtistofu og verður formaður Björgunarsveitarinnar Sigurvon.

**Sara Dröfn** mun fara í sálfræðinám eftir grunnskólann og útskrifast sem sálfræðingur og vinna hjá Reykjanesbæ sem skólasálfræðingur. Hún mun giftast æskuástinni sinni og eignast tvö börn. Hún og maðurinn hennar munu stofna saman fyrirtæki og klára kappakstursbrautina við Reykjanesbrautina.

**Sebastian Hubert** verður frægur tónlistamaður. Hann fer í QPR og spilar í þrjú ár. Hann giftist æskuástinni sinni og mun eiga með henni börnin Naitsabes og Anu. Hann nær að leysa öll verkefni og dæmi sem Albert Einstein átti eftir að leysa. Hann mun flytja með fjölskylduna til London og spila á saxafón í hljómsveitinni One Direction.

**Sindri Lars** mun spila með landsliði Íslands í knattspyrnu, konan hans er ungrú Ísland þau munu búa í Reykjavík ásamt þremur börnum og tveimur hundum. Þegar Sindri Lars verður 52 ára mun hann flytja með fjölskylduna til Hollywood þar sem hann mun leika í nýjstu James Bond myndinni og fallega konan hans fær líka hlutverk í sömu mynd.

**Sunneva** mun fara í framhaldsnám í fatahönnun og mun koma út með sína eigin fatalínu sem verður til sýnis og sölu í helstu tískuborgum heimsins. Hún hittir draumaprinsinn sinn á ferðalagi um Evrópu þar sem hún er að kynna fatalínuna sína. Þau munu búa saman í Milánó en eiga einnig hús í Sandgerði þar sem þau eyða góðum tíma ársins í.

**Sveinn Ólafur** mun flytja til Californíu, stofna þar fyrirtæki sem framleiðir skó. Hann mun spila með Lakers í körfubolta og það mun ganga vel. Hann mun eignast bandaríska konu og eitt barn með henni.

**Sverrir Örvar** vinnur gull á heimsmeistara móti í Taekwondo og einnig á Ólympíuleikum. Hann verður Taekwondokennari í Kóreu og eignast japanska konu og þrjú syni með henni. Þegar Sverrir Örvar verður 62 ára mun hann flytja til Íslands og stofna Ísbúð Sandgerðis.

**Ævar Þór** mun taka við af Gumma júddó hjá júddófélaginu við þjálfun hjá stærsta júddófélagi landsins. Hann leggur fyrir sig kvikmyndagerð og verður klippari hjá Dream Works. Hann mun giftast æskuástinni sinni og þau munu eignast nokkra syni.



**Viðtal við Sverri Örvar og Karel Bergmann  
HM-fara**

**Hvernig var úti?** Karel: Mjög gaman.

Sverrir: Unaðslegt.

**Hvað var skemmtilegast?** Karel: Að keppa.

Sverrir: Æfingarnar, að keppa og þegar allir voru að taka myndir af mér því ég er ljóshærður með blá augu.

**Hvernig gekk?** Karel: Mjög vel. Sverrir:

Mjög vel, ég átti góða bardaga en ég tapaði samt.

**Hvað er markmiðið ykkar?** Karel: Að

komast inn á Ólympíuleikana og lenda á palli.

Sverrir: Verða heimsmeistari og komast á

Ólympíuleikana 2020.

**Lærðu þið mikið af þessari reynslu?** Karel

og Sverrir: Já helling.

**Ertu með eitthvað ráð fyrir þá sem vilja ná**

**langt í íþróttum?** Karel: Að setja sér

markmið og fylgja þeim. Sverrir: Alltaf að halda áfram og ekki gefast upp.

**Eitthvað að lokum?** Karel: It's better to

regret the things you did than the things you

didn't do. Sverrir: Ekki smjatta fyrir framan

matarborðið



ICELANDIC

NÝFISKUR

# Hver segir hvað?



**Ásta Valdís:**  
Ertu að FO\*\*ING  
grínast í mér !?



**Ólafía Gerður:**  
Ómægótt



**Sunneva:**  
Bíddu, ég þarf að laga hárið mitt




**Sebastian Hubert:**  
Jess, það er engin  
heimavinna



**Anna Karen:**  
Ég næ ekki upp



**Óðinn Már:**  
Sælir



**Marteinn Eyjólfur:**  
Ég redda þessu!



**Sverrir Örvar:**  
Ég er íþróttamaður Sandgerðis



**Karólína:**  
Gaur ég nenni þessu ekki!







**Sindri Lars:**  
*Ef dú zída egi  
razgadi*



**Jón Þór:**  
*Jáá*




**Ævar Þór:**  
*Oh my lord*




**Margrét Guðrún:**  
*Ásta...*



**Sara Dröfn:**  
*ÚPS..*



**Grímur Sigfried:**  
*Srry marrh*



**Sveinn Ólafur:**  
*Óhh my loooooord!!!!*



**Gestir Leó:**  
*Shitt!*



**Linda Björk:**  
*jááááh allveg*



**Karel Bergmann:**  
*Veistu hvað það eru margar  
kaloríur í þessu?*

**Grunnskólinn í Sandgerði státar af fræknum íþróttagörpum á öllum aldri.**

**Þær Svanfríður og Matthea eru sundhetjur miklar sem tóku þátt í Euromeet mótinu í Luxemborg þetta árið. Þær sögðu okkur upp og ofan frá mótinu.**



**Euromeet Lúxemborg 2014**

**Svanfríður Árný:**

**Hvernig var úti?** Bara mjög gaman.

**Hvað var skemmtilegast?** Að sjá hversu góðir keppendur voru.

**Hvernig gekk þér?** Bara ágætlega, lenti í 6.sæti í 200m bringusundi.

**Hvað er markmiðið þitt?** Komast á Ólympíuleikana og fá háskólastyrk í USA.

**Hvað fékkstu út úr mótinu?** Er orðinn sterkari sundmaður.

**Hvað lærðir þú af þessari reynslu?** Mjög mikið.

**Eitthvað að lokum?** Ekki gefast upp og trúðu á sjálfan þig.

**Matthea:**

**Hvernig var úti?** Bara gaman.

**Hvað var skemmtilegast?** Umm bara að keppa.

**Hvernig gekk þér?** Bara mjög vel.

**Hvað er markmiðið þitt?** Að fara á Ólympíuleikana

**Lærðiru eitthvað af þessari reynslu?** Já mjög mikið.

**Eitthvað að lokum?** Farðu að æfa sund!

**Heyrst hefur:**

**Að 10. bekkurinn er klámfenginn en hefur aldrei fengið almennilega kynfræðslu.**

**Að stelpurnar í 10.bekk eru svolítið hrifnar af Bóa.**

**Að Svenni hafi brotið vegg.**



## Nemendaráðspistill

Hvað er nemendaráð ? Hverjir skipa nemendaráði? hvaða hlutverki gegnir nemendaráðið? Hvað var á döfinni?

Nemendaráðið er ráð innan skólans sem nemendur skipa. Hlutverk nemendaráðs er að gæta hagsmuna nemenda og gera félagslífið skemmtilegra.

Í nemendaráði sitja sex aðilar: formaður Marteinn E. Sigurbjörnsson, varaformaður Ásta Andrésdóttir 10SHG, gjaldkeri Júlíus Júlíusson 9BB, ritari Kristín Fjóla Theódórsdóttir 8AKE, Óskar Arnarson meðstjórnandi 9BB, Axel Ingi Auðunsson meðstjórnandi 8AKE.

Nemendaráðið í ár hefur verið mjög öflugt, nemendaráðið fekk 200 þúsund í styrk frá Sandgerðisbæ og sá styrkur var notaður í að bæta aðstöðu nemenda og fengum við þessa fallegu sófa. Farið var í stórskemmtilega skíðaferð, það var hlegið mikið og allir orðnir reynslunni ríkari á skíðum (með fyrirvara um að farið hafi verið í ferðina). Að lokum hvetjum við alla að taka virkan þátt í félagslífi skólans og munum að þetta er skólinn okkar og sýnum virðingu.

Þökkum fyrir geðveikt ár  
Nemendaráð

### Heyrst hefur:

- \*Að Ragga kunni ekki að nota innri röddina.
- \*Að strákarnir í 10.bekk kunni ekki að synda.
- \*Að ýmislegt fari fram í sundklefanum hjá 10.bekk.
- \*Að Bylgja sagði æfingaRakstur.
- \*Að svitablettir séu vinsælir hjá ákveðnum kennurum.
- \*Að andfúllir kennarar heilla ekki.
- \*Að Grímur var sleginn með skeið í vorferðinni í 9.SHG.
- \*Að nemendur stungu af frá Skólahreysti til að fá sér ís.
- \*Að Matti sannfærði Önnu Kristjönu um að það væri villa á prófinu hennar!



**Góða skemmtun á árshátíðinni og  
gleðilega páska!**

**Eftirfarandi fyrirtæki  
styrktu útgáfu blaðsins:**

**Fiskmarkaður Suðurnesja**

**Vélsmiðja Sandgerðis**

**Gallery Keflavík**

**Skólamatur**

**Knús Caffé**

**Malai Thai**

**Zpez**

**KFC**

